

Samfélagsmiðlar

- Samfélagsmiðlar eru vefsíður og forrit sem gera notendum kleift að búa til og deila rafrænu efni.
- Samfélagsmiðlar hafa ýmsan tilgang.
 - Þeir eru meðal annars notaðir á félagslegan máta, til dæmis til að hafa samskipti við fjölskyldu, vini og jafnvel ókunnuga og til að dreifa og miðla upplýsingum.
- Í kringum árið 2003 jukust vinsældir bloggsíðna og í kjölfar þeirra fylgdu samfélagsmiðlar eins og t.d. [Myspace](#) sem var stofnað sama ár.



Upplýsingatækni

Samfélagsmiðlar

1

Facebook

- [Facebook](#) er netsamfélag sem var stofnað 4. febrúar 2004. Vefsíðan er í eigu Facebook Inc.
 - [Mark Zuckerberg](#) stofnaði Facebook þegar hann var námsmaður Harvard-háskóla.
- Í fyrstu var félagsaðild bundin við námsmenn háskólanna.
 - Nú geta allir skráð sig á Facebook.
- Kvikmyndin [The Social Network](#) fjallar um hvernig Facebook varð til.



Facebook er vinsælasti samfélagsmiðill heims.

Upplýsingatækni

Samfélagsmiðlar

2

Twitter

- [Twitter](#) er örbloggskerfi og netsamfélag.
 - Jack Dorsey fann Twitter upp í mars 2006.
 - Upphaflega hugmyndin var að notendur gætu bloggað á Twitter með smáskilaboðum (SMS-skilaboðum) úr farsímum.
- Einstaklingar búa til aðgang á Twitter og setja inn færslu með ákveðnum orðafjölda.
 - Hægt er að senda inn 140 stafa færslur. Færslurnar geta verið um ýmis málefni, t.d. það sem er að gerast í þjóðfélaginu eða heiminum þá stundina, pólitík, persónulegar skoðanir o.fl.
- Myllumerki (e. Hashtag #) eru mikið notuð á Twitter.
 - Myllumerkið auðveldar notendum að finna færslur um tiltekið þema eða umræðuefni. Notendur búa til og nota merkið með því að setja táknið # á undan orði eða setningu án orðabíla. Ef leitað er að því myllumerki birtast allar færslur sem eru merktar því merki.
 - Hægt er að fylgja öðrum og birtast þá þeirra innlegg á tímalínu einstaklingsins.

Upplýsingatækni

Samfélagsmiðlar



Upphaflega hugmyndin var að notendur gætu bloggað á Twitter með smáskilaboðum úr farsímum.

3

Instagram

- Instagram er samfélagsmiðill sem er í eigu Facebook.
 - Instagram hefur þá sérstöðu sem samfélagsmiðill að aðaláhersla notkunar hans er að deila myndefni.
 - Instagram er oftast notað í snjallsímum eða í spjaldtölvum.
 - Instagram býður upp á þann möguleika að setja „filter“ á myndina og hefur sá valmöguleiki verið vinsæll hjá börnum og unglingum og átt stóran þátt í vinsældum þjónustunnar.
 - Helstu hætturarnar við mynddeiliforrit er sú að sendandi setji inn myndir sem hann sér eftir síðar meir.
- Instagram býður upp á stillingar þar sem hægt að vera með opinn eða lokaðan aðgang.
 - Ef aðgangurinn er opinn geta allir séð myndefnið sem deilt er en ef aðgangurinn er lokaður þarf að samþykkja fylgjendur og þegar þeir hafa verið samþykktir geta þeir skoðað myndefnið.

Upplýsingatækni

Samfélagsmiðlar



Talað er um fylgjendur á Instagram, sem virkar svipað og vinir á Facebook.

4

Snapchat

- [Snapchat](#) er snjallsímaforrit fyrir iOS og Android sem hefur notið gífurlega vinsælda.
- Snapchat gerir notendum kleift að senda myndir á móttakanda sem hefur 1–10 sekúndur (fer eftir vali sendanda) til að skoða myndina. Síðan er myndin horfin að eilífu.
- Ef myndband er sent þá er einungis hægt að horfa á það einu sinni, en síðan hlýtur það sömu örlög og sendar myndir.



Snapchat var fyrst gefið út í apríl 2011 undir nafninu Picaboo en var síðar breytt í Snapchat.

Upplýsingatækni

Samfélagsmiðlar

5

Tik Tok

- [Tik Tok](#) er smáforrit (App) og samfélagsmiðill fyrir iOS og Android. Notendur geta búið til og deilt stuttum myndskleiðum.
- Tik Tok trónir á toppi lista yfir þau smáforrit sem hlaðið var mest niður árið 2020.
 - Tik Tok er jafnframt eina forritið í efstu fimm sætunum sem er ekki í eigu fyrirtækisins Facebook.
 - Þetta var í fyrsta sinn frá því að listinn var tekinn saman árið 2018 að toppsætið fer ekki til smáforrita í eigu þess fyrirtækis.
- Með Tik Tok á lista eru WhatsApp, Instagram, Facebook og Messenger.



Tik Tok

Tik Tok var hannað í Kína og var gefið út af fyrirtækinu ByteDance árið 2017.

Upplýsingatækni

Samfélagsmiðlar

6